**Frá:** Hrönn Guðmundsdóttir [mailto:hronn@isi.is]
**Sent:** Tuesday, September 19, 2017 2:05 PM
**Til:** Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
**Efni:** #BeActive - Íþróttavika Evrópu 23.-30 sept

Góðan dag Geir
Við hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands höfum hlotið styrk frá evrópusambandinu til að taka þátt í Íþróttaviku Evrópu sem fram fer undir slagoðr #BeActive. En Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) verður haldin víðsvegar um álfuna, vikuna 23. – 30. september nk. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Þetta verður í annað sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Við leitum nú til sveitafélaga um þátttöku í Íþróttaviku Evrópu sem leið til að hvetja bæjarbúa til að vera virka og hreyfa sig reglulega. Okkar hugmynd er að það væri frítt í sund í bæjarfélginu í einn eða fleiri daga í Íþróttavikunni. Við myndum auglýsa það og kynna á heimasíðu verkefnisins www.beactive.is og Facebooksíðunni https://www.facebook.com/beactiveiceland/?fref=ts

Endilega skoðaðu málið og láttu mig heyra.

Kær kveðja
**Hrönn Guðmundsdóttir**
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands / The National Olympic and Sports Association of Iceland
Sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs
(+354) 514 4000 / (+354) 692 9025

**Göngum í skólan hefst 6. September**